

Fundargerð 122. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 18. apríl 2018 kl. 12:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Guðmundur Helgi Þórarinsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Jón Jóhannsson, Andrés Bjarnason, Guðmundur Sigurvínsson og Þorsteinn Hjálmarsson

Fjarverandi: Símon Guðvarður Jónsson

Dagskrá :

1. Yfirferð og undirritun ársreikninga VM
Ásbjörn Björnsson endurskoðandi.
2. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 121
3. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
4. Aðalfundur VM 25. apríl 2018
5. Lagt fram til upplýsingar
Önnur mál

1. Yfirferð og undirritun ársreikninga VM

Formaður setti fundinn, bauð Ásbjörn Björnsson endurskoðanda velkominn og gaf honum orðið. Ásbjörn byrjaði á að segja frá því að á bls 11 er texti varðandi vinnudeilusjóðinn sem hefur ekki verið áður. Síðan fór hann yfir samstæðureikninginn. Neikvæð afkoma er á Félagssjóði vegna færslu á peningum yfir í vinnudeilusjóð ef það hefði ekki verið þá væri afkoman jákvæð. Hann benti líka á að orlofssjóður en nú í fyrsta skipti í langan tíma með jákvæða afkomu. Þar voru afkriftaraðferðir endurskoðaðar sem skýrir af hverju afskriftir lækka. Fræðslusjóður er neikvæður eins og áður en það er með vilja gert og sjúkrasjóðurinn er með jákvæða afkomu. Næst fór hann yfir endurskoðunarskýrsluna og er hún án athugasemda. Formaður þakkaði Ásbirni fyrir og bauð stjórnarmönnum að koma með spurningar ef einhverjar væru. Nokkrar spurningar komu og var þeim svarað. Að lokum var ársreikningurinn borinn upp undir atkvæði og var hann samþykktur einróma.

2. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 121

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

3. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

- Styrkir voru afhentir úr Akki í gær. Níu fengu styrk samtals að upphæð kr. 5.042.000
- Hvalaskoðun, örlagafundur hjá sátta kl 14:30 í dag. Við funduðum með farmannasambandinu í gær. Ef ekkert gerist í dag verða menn boðaðir á fund og byrjað að undirbúa vinnustöðvun.
- Árskýrslan er klár og verður send út á föstudaginn og verður um leið sett inn á heimasíðuna.
- Þátttaka í formanns og stjórnarkjöri var síðasta mánudag 17.61% en var 17,7% í stjórnarkjörinu 2016.

4. Aðalfundur VM 25. apríl 2018

Aðalfundurinn var auglýstur í Fréttablaðinu á mánudaginn og á heimasíðu félagsins. Auglýsing var líka send í fjölpósti á félagsmenn. Allt er orðið klárt fyrir fundinn.

5. Lagt fram til upplýsinga

- Launaseðill formanns en óskað var eftir honum á síðasta fundi.

6. Önnur mál

Þorsteinn ræddi um að finna þyrfti lausn á lyklamálum vegna íbúðanna í Reykjavík. Menn yrðu að getað nálgast lykla utan skrifstofutíma. Stjórn skoðar málið.

Umræður urðu um hvernig kynna ætti úrslit í formanns og stjórnarkjöri. Stjórnarmenn óskuðu eftir því að þeir fengju símtal um það hvort þeir væru inni eða úti og formaður sagðist koma þeirri beiðni til kjörstjórnar sem færi með öll völd í þessu.

Að lokum þakkaði formaður Jóni Jóhannssyni og Guðmundi Sigurvinssyni fyrir þeirra störf í þágu félagsins en þeir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn

Fundi slitið kl. 14:05